

Því dæmist rjett að vera:

Aðaláfrýjandi, E. Egilsson, á að greiða gagn-áfrýjanda, landsbankanum. 207 kr. 40 aur., með vöxtum 6 af hundraði frá 21. aprílmán. þ. á., unz greitt er að fullu. Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 18/1888.

Sigurður Jónsson
 gegn
 Landsbankanum.

Dómur:

Sök þessi er í hjeraði höfðuð af stjórn landsbankans gegn áfrýjandanum, Sigurði járnsmið Jónssyni, til þess að fá hann skyldaðan til að greiða skuld, að upphæð 172 kr. 83 aur., er eptir stendur af láni Gísla heitins Magnússonar latínuskólakenuara, sem hann fjekk hjá sparisjóði Reykjavíkur hinn 1. desbr. 1877 og upprunalega var 200 kr. að upphæð. Áfrýjandinn gekk í ábyrgð fyrir láni þessu ásamt öðrum maani svo sem sinni eigin skuld, og er ábyrgðar-skuldbindingin rituð á skuldabryfjuð. Lánið var fengið til tveggja ára, og átti að ávaxtast með 5 af hundraði á ári, er greiða skyldi fyrir fram fyrir hvert missiri, í fyrsta sinni 11. desbr. 1877. Ef svo skyldi reynast að vextir eða höfuðstóll eigi yrði greitt á ákveðnum gjaldkögum, var áskilið að skuldunautur ætti að greiða viðbótarvexti, 2 af hundraði, unz rjett

skil yrðu sýnd fyrir láninu. Gísli Magnússon ljezt sumarið 1878, og hafði hann ekkert greitt upp í höfuðstól láns þessa, og eigi hafði hann staðið skil á vöxtum þeim, er greiðast áttu hinn 11. desbr. 1877 og 11. júní 1878. Bú hans virðist hafa orðið þrotabú, því að eigi fjekk sparisjóðurinn greitt úr búinu meira upp í skuldina en 27 kr. 17 aur., en þetta var greitt hinn 3. febrúarmán. 1882. Ofanefnt skuldarbrjef var hinn 19. apríl 1887 afhent landsbankanum til eignar, en er stjórn landsbankans krafði áfrýjandann um greiðslu á skuldareptirstöðvunum, vildi hann eigi greiða þetta, og höfðaði hún því mál á móti honum í síðastliðnum aprilmánuði, er ráðið var til lykta með gestarjettardómi Reykjavíkurkaupstaðar, upp kveðnum 14. maímán þ. á., og eru ákvæði dómsins þau, að áfrýjandinn, Sigurður Jónsson, skuli greiða landsbankanum eptirstöðvar skuldarinnar 172 kr. 83 au. með 6% vöxtum frá kærudegi til borgunardags, og enn fremur 7% vexti af 200 kr. frá 11. desbr. 1877 til 11. desbr. 1878, og 5% vexti af sömu upphæð frá síðarnefndum degi til 3. febr. 1882; málskostnaður var látinn falla niður.—Dómi þessum hefur Sigurður Jónsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 24. maímán. þ. á., og gjört þær rjettarkröfur, að hann verði dæmdur algjörlega sýkn í málinu, og að landsbankinn verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum. Á hinn bóginn hefur stjórn landsbankans gagnáfrýjað málinu með stefnu, út gefinni 22. júní þ. á., og krafizt þess, *fyrst og fremst* að aðaláfrýjandinn verði dæmdur til að greiða hinar umkröfðu eptirstöðvar skuldarinnar, 172 kr. 83 aur., vexti 7% p. a. af 200 kr. frá 11. desbr.

1877 til 3. febr. 1882, og af 172 kr. 83 aur. frá 3. febrúar 1882 til kærudags, og 8^o/_o p. a. af sömu upphæð frá kærudegi til borgunardags, svo og allan málskostnað að skaðlausu, með að minnsta kosti 100 kr.; *en til vara* að gestarjettardómurinn verði staðfestur og aðaláfrýjandinn dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, að minnsta kosti 60 krónur.

Það eru sýknaðstæður aðaláfrýjanda í málinu, að lán það, sem hann ábyrgðist gagnvart sparisjóði, hafi verið veitt Gísla Magnússyni að eins til tveggja ára, eða til 11. desbr. 1879; að lántakandi hafi eigi greitt fyrir fram hina áskildu vexti 11. desbr. 1877 og 11. júní 1878, og hafi þó lánið verið látið standa rúm 8 ár, eptir að lánstíminn var út runninn, og hafi ábyrgðarmönnunum eigi verið gjört aðvart um þetta, nje þeir krafðir um skuldina; hafi með þessu móti lántakanda verið veitt lenging á láninu alveg heimildarlaust gagnvart ábyrgðarmönnunum; að áfrýjanda hafi aldrei verið tilkynnt um skiptafundi í búi Gísla Magnússonar, nje um uppskrift og virðingu á því eða endileg skipti, og þannig meinað að gæta rjettar síns þar. Þessar ástæður vírdast þó eigi veita nægilega heimild til þess, að aðaláfrýjandi verði losaður við ábyrgð skuldarinnar gagnvart lánveitanda. Með því að Gísli Magnússon dó, áður en hinn umsamdi lánstími var liðinn, hefur lántakanda eigi verið veitt endurnýjun á láninu, en það verður eigi kölluð endurnýjun lánsins mót ákvæðum skuldabryfsiðs, þótt ábyrgðarmennirnir hafi eigi verið krafðir borgunar á því. Þá er það og eigi ákveðið í skuldabryjefinu, að lánið *skuli* vera fallið til borgunar, svo framarlega

hinir áskildu vextir eigi yrðu greiddir á rjettum gjalddaga, og var sparisjóðsstjórnin gagnvart ábyrgðarmönnum því eigi skyld til þess að segja láninu upp og innheimta það, undir eins og van-greiðsla á vöxtum átti sjer stað. Þar sem það enn fremur er viðurkennt, að stjórn sparisjóðsins ljæt mæta við skiptin á búi Gísla Magnússonar, og þar krafðist skuldarinnar fyrir hönd sparisjóðsins, og með því að eigi eru sönnuð nein atvik í þá átt, að vangeymt hafi verið rjettar skuldareiganda, og þá eigi fremur ábyrgðarmannanna, við skipti á búinu, þá verður eigi heldur hjer að lútandi varnarástæða aðaláfrýjanda tek-in til greina. Að vísu er það komið fram í málinu, að aðaláfrýjanda hafi eigi verið gjört kunnugt um greiðslu-fall á skuldinni nje hann krafinn um eptirstöðvar hennar, fyrr en á síðastliðnu vori, og að hann fyrir því hafi eigi haft ástæðu til að renna grun í það, að nokkur hluti skuldarinnar þá stæði eptir ógreiddur. En eptir hinum skýlausu og víðtæku fyrir-mælum ábyrgðarskuldbindingarinnar getur þetta þó að lög-um eigi leitt til þess, að ábyrgðin fyrir hinni upp-runalegu skuld, sem ákveðin er með vissri upphæð í skuldabryjefinu og ábyrgðarskuldbindingunni, hafi fall-ið niður. — Annari úrlausn verður spurningin um greiðslu *ógoldinna* vaxta að sæta; ábyrgðarskuldbind-ingin getur eigi innihaldið neina upplýsingu um upp-hæð þeirra; í málinu er þess eigi getið af hálfu gagn-áfrýjanda, að aðaláfrýjanda hafi nokkru sinni verið gjört aðvart um það, að vextir af láninu væru ógoldn-ir, fyrr en mál þetta var höfðað; hann þurfti því eigi að búast við að svo væri, enda er það að þessu leyti rjett athugað í undirrjettardóminum, að láneiganda

var eigi heimilt að þyngja eða auka ábyrgðina, með því að láta skuldarinnar ókrafið, eptir að eigi gat verið að ræða um endurnýjun lánsins. En þessi röksemdaleiðsla öll nær eigi síður til vaxta af skuldinni fyrir tímabilið frá 11. desbr. 1877 til 3. febr. 1882, en til þeirra vaxta, sem krafizt hefur verið fyrir tímabilið frá síðastnefndum degi, þangað til sök þessi var höfðuð, og verður hún því að leiða til þess, að aðaláfrýjanda verður eigi gjört að skyldu að greiða vexti af láninu fyrir en eptir málshöfðunardag. — Það verða því úrslit sakarinnar, að aðaláfrýjanda ber að greiða landsbankanum eptirstöðvar hinnar umstefndu skuldar 172 kr. 83 aur. með 6^o/_o vöxtum frá dagsetningu gestarjettarstefnunnar hinn 21. aprilmán. þ. á. — Eptir þessum úrslitum málsins á sakarkostnaður fyrir báðum dómum að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Aðaláfrýjandi, Sigurður Jónsson, á að greiða stjórn landsbankans 172 kr. 83 aur. með vöxtum 6 af hundraði frá 21. degi aprílmánaðar þ. á. Málskostnaður fyrir yfirrjetti og undirdómi falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.